



Ísafirði 30. ágúst 2019

Til íþróttá- og tómstundanevndar Ísafjarðarbæjar

Hér með óskar HSV eftir að komið verði á frístundarútu sem tengi Suðureyri, Flateyri og Þingeyri við akstur núverandi frístundarútu. Fyrir íþróttá- og tómstundastarf í bænum er mikill auður í börnum og ungmennum á þessum stöðum. Aksturstyrkur sem samþykktur var á síðasta ári er vissulega mikil bót en það er mikilvægt að tryggja öllum börnum sem jöfnust tækifæri á að stunda íþróttir og aðrar tómstundir og að það sé ekki háð því hvort foreldrar eða aðrir hafi tök á að koma þeim á æfingar.

Vonir HSV standa til að unnið verði hratt í þessu máli og bættar samgöngur komi íbúum og aðildarfélögum til góða strax á þessu starfsári.

Fyrir hönd HSV

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir  
Framkvæmdastjóri HSV